

Sp.

389. Tillaga til þingsályktunar

[194. mál]

um stuðning við bindindisfélög unglunga.

Flm.: Halldór Kristjánsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga, sem veiti félagasamtökum unglunga, sem hafa bindindi um nautn áfengis og tóbaks, rétt til að ráða sér leiðtoga á opinberan kostnað.

Greinargerð.

Ekki þarf að fjölyrða um þær áhyggjur, sem menn hafa nú almennt hér á landi vegna áfengisneyzlu ungu kynslóðarinnar, né heldur um álit vísindamanna um áhrif þess, að fólk venjist á tóbaksnautn á æskuskeiði eða jafnvel bernsku-árum. Eru allar ástæður til þess, að ríkisvaldið snúist gegn þeim voða með fjölþættum aðgerðum og mun svo væntanlega verða.

Þar sem útbreiðsluhættir og venjur tóbaksnautnar og drykkjuskapar barna og unglunga hefur verið ýtarlega rannsakað, svo sem í Noregi og Svíþjóð, hefur komið í ljós, að félagshópurinn ræður miklu. Í sumum bekkjum skólanna eru reykingar t. d. næstum því óþekktar eða alveg, þar sem aðrir mega heita undirlagðir þeirri venju. Félagshópurinn mótar venjur barns og unglings.

Það virðist því augljóst, að þróttmikið og heilbriggt félagslíf meðal unglunga geti valdið miklu um að vernda vaxandi kynslóð frá þeirri spillingu, sem hér er um að ræða.

Eins og nú standa sakir, eru tvenn ærið viðtæk félagasamtök æskumanna hér á landi, sem hafa í lögum sínum persónulegt bindindi félagsmanna á tóbak og áfengi. Það eru Samband bindindisfélaga í skólum og æskulýðsfélög Góðtemplara-reglunnar. Nú er unnið að því að koma á samstarfi með þessum félagsheildum, og má vænta mikils góðs af því.

Tillaga þessi miðar að því, að slík umbótafélög unga fólksins geti ráðið sér menn, sem þurfi ekki öðru að sinna en störfum fyrir þau. Hver einn heppilegur maður, sem gæti algerlega helgað sig slíku starfi, mundi hafa mikil áhrif. Hann mundi vera með unglungunum á fundum þeirra og skemmtunum og í ferðalögum með þeim. Hann mundi vera með þeim í ráðum að velja sér verkefni og laða krafta þeirra til þroskandi starfa. Það yrði góður þáttur í heilbrigðu þjóðaruppeldi.

Þróttmikil og fjörug starfsemi bindindisfélaga æskufólksins getur valdið og á að valda straumhvörfum í skemmtanalífi þjóðarinnar og afstöðu vaxandi kynslóða á Íslandi til tóbaks og áfengis yfirleitt.